

Nr. 2023-049-S-027 Hesteyri ÍS 95**Strandar við Hornbjargsvita**

Skipaskr.nr. 2349 IMO nr.
Smíðaður: Bátagerðin Samtak 1999 Trefjaplast
Stærð: 11 BT.
Mesta lengd: 11,48 Skráð lengd: 11,43 m
Breidd: 2,80 m Dýpt: 1,27 m
Vél: Yanmar 265 kW 2019
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 21

**Gögn:**

LHS

Lögregluskýrsla

Gögn RNSA

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. júlí 2023 var Hesteyrin ÍS 95 að ferja ferðamenn í land við Hornbjargsvita. Veður: Vindur 8 m/sek en þung úthafsalda eftir vont veður dagana á undan.

Hesteyrin hafði komið að Hornbjargsvita þar sem setja átti 21 farþega í land. Búið var að fara tvær ferðir á léttbátum með samtals 17 farþega í land og verið var að fara þriðju ferðina frá Hesteyrinni, nú með einn farþega og hluta af farangri hópsins. Skyndilega reis stór alda upp fyrir aftan Hesteyrina og fyllti afturpílfarið auk þess að hvolfa léttbátum sem var ný lagður af stað í land og þeir tveir sem voru í léttbátum lentu í sjónum en komust af sjálfsdáðum í land. Í kjölfarið kom önnur alda sem feykti bátum upp á sker. Engan sakaði og komust allir heilir í land. Þeir þrír farþegar sem voru um borð gátu farið frá borði og vaðið í land.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipstjórinn hafði verið í farþegasiglingum á Hesteyrinni síðan 2012 og var því kunnur staðhátum og þekkti bátinn vel.
- Þegar Hesteyrin kom að Hornbjargsvita mat skipstjórinn það svo að aðstæður væru viðunandi en ákvað þó að farþegar færu ekki frá borði að aftan eins og venja var heldur fóru þeir í léttbátinn frá hlið bátsins vegna þungrar öldu.
- Farnar höfðu verið tvær ferðir með farþega í land og voru þá fjórir farþegar eftir um borð.
- Við flutninga á farþegum í land voru allir farþegar í uppblásanlegum björgunarvestum.

- Skipverjinn, sem stjórnaði léttbátnum, var ekki í björgunarvesti heldur var hann í neopren vöðlum.
- Þegar lagt var af stað með farangurinn og einn farþega í land fór skipstjórinn inn í stýrishús til að halda bátnum á réttum stað.
- Stór alda kom þá á afturenda bátsins stjórnborðsmegin og feykti honum um 10-15 m. Á sama tíma hvolfdi léttbátnum og þau tvö sem í honum voru lentu í sjónum ásamt farangrinum.
- Þegar seinni aldan reið yfir bátinn reyndi skipstjórinn að bakka en þá kenndu skrúfurnar botns og vélin drap á sér. Skipaði skipstjóri þá farþegum, sem um borð voru, að fara í björgunarvesti en aldan kastaði bátnum um það bil 35 m.
- Báturinn steytti á skeri og skorðaðist fljótlega og gátu þeir farþegar sem eftir voru farið frá borði og í land þurrum fótum á vaðstúgvélum.
- Skipstjórinn hafði aldrei séð svona stakar öldur sem voru svo miklu stærri en aðrar en þó ekki brotöldur. Taldi hann að ölduhæðin þarna hafi verið nálægt 1,5 m en þessar tvær öldur hafi verið 4-5 m.
- Skipstjóri vakti athygli á því að borgarísjaki hafi verið strandaður fyrir utan þetta svæði og taldi hann mögulegt að stykki úr honum hefði brotnað og valdið þessum öldum.
- Háfjara var þegar atvikið átti sér stað.



Mynd 1 Hesteyrin á strandstað



Mynd 2 Ferill Hesteyrar á takmörkuðu sjókorti



Mynd 3 Ferill Hesteyrar á loftmynd



Mynd 4. Skemmdir á skrúfu



Mynd 5 Skemmdir á bol Hesteyrar

Nefndarálit:

Ástæðu þess að Hesteyrin strandaði má rekja til óvæntra veðuraðstæðna.

Sérstök ábending:

Skipverjar skulu ávallt nota viðurkennd björgunarvesti eða vinnubjörgunarbúning þegar þeir fara á léttbátum í land.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. febrúar 2024 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni, Hirti Emilssyni og Jóni Finnbjörnssyni.